

Maskína

Könnun um húsnæðismál Grindvíkinga

Úrdráttur helstu niðurstaðna:
Febrúar 2024



Könnun þessi var gerð af Maskínu fyrir Innviðaráðuneytið (Jöfnunarsjóð sveitarfélaga) í samstarfi við Grindavíkurbæ, Almannavarnir, stjórnarráðið og Rauða krossinn.

Markmið könnunarinnar var afla upplýsinga um aðstæður Grindvíkinga til lengri og skemmri tíma og undirbyggja þannig ákvarðanatöku um húsnæðismál bæjarbúa í kjölfar náttúruhamfara.

Könnuninni var dreift til Grindvíkinga með fjölbreyttum leiðum – svo sem í gegnum fréttatilkynningar og samfélagsmiðla. Aðgangi að könnuninni var stýrt með rafrænni innskráningu.

Gagnaöflun stóð yfir dagana 16. janúar 2024 til 2. febrúar 2024.

Öllum Grindvíkingum, 18 ára og eldri, var heimilt að svara spurningalistanum en markmiðið var að einn forsvarsaðili svaraði fyrir hvert heimili. Alls var áætlað að heildarfjöldi heimila í Grindavík við rýmingu þann 10. nóvember 2023 væri 1150 talsins.



| **Stjórnarráð Íslands**

Svörun reyndist almennt prýðileg frá öllum gerðum heimila mælt út frá aldri heimilisfólks, fæðingarlandi og fjölda einstaklinga á heimili og bærust alls svör frá 863 heimilum eða 75% heimila. Sú undantekning var þó á að svörun reyndist lakari frá heimilum með einum íbúa og þá sérstaklega þegar fæðingarland íbúa var annað en Ísland. Til að jafna þennan mun voru gögnin því vigtuð eftir fjölda íbúa á heimili og fæðingarlandi heimilisfólks sbr. meðfylgjandi töflu.

Vogtölur eftir fjölda á heimili og fæðingarlandi íbúa á heimili

Fjöldi á heimili	Ísland*	Pólland**	Annað***
1	1,36	2,10	2,03
2	0,97	1,15	1,41
3	0,89	1,09	0,99
4	0,85	1,16	1,05
5	0,79	0,88	0,92
6 eða fleiri	0,83	0,96	0,94

Þá voru gögnin uppreiknuð þannig að niðurstöður sýndu heildar húsnæðisþörf Grindvíkinga eins og svör hefðu borist frá öllum heimilum í Grindavík (sem eins og áður segir voru áætluð 1150 talsins).






* Heimili þar sem eingöngu bjuggu einstaklingar fæddir á Íslandi

** Heimili þar sem amk. einn íbúi var fæddur í Póllandi

*** Heimili þar sem amk. einn íbúi var fæddur í öðru landi en Íslandi en enginn frá Póllandi


Eftirfarandi er úrdráttur helstu niðurstaðna úr könnuninni þar sem áhersla er lögð á brýnustu húsnæðisþörfina sem blasir við Grindvíkingum.

1. Hversu margir einstaklingar bjuggu á þínu heimili fyrir rýmingu Grindavíkur þann 10. nóvember 2023?

	fjöldi	%	
Einn	188	16,7%	 16,7%
Tveir	340	30,3%	 30,3%
Þrír	200	17,8%	 17,8%
Fjórir	218	19,4%	 19,4%
Fimm eða fleiri	177	15,8%	 15,8%
Fjöldi svara	1.123	100,0%	0%
Vil ekki svara	27	2,3%	
Heildarfjöldi	1.150	100,0%	


- Að meðaltali bjuggu 2,9 einstaklingar á hverju heimili Grindavíkur.
- Algengast var að tveir einstaklingar byggju í heimili (30%).

2. Við hvers konar húsnæðisaðstæður býrð þú í dag?




Þegar könnunin var lögð fyrir voru tæp 55% heimila í leiguhúsnæði, 30% í endurgjaldslausu húsnæði, tæp 9% í eigin húsnæði, 4% bjuggu við annan kost og 3% voru án húsnæðis.

3. Hvort telur þú núverandi húsnæðisaðstæður þínar viðunandi eða óviðunandi?



- 584 heimili kváðust búa við óviðunandi húsnæðisaðstæður
- Tölurverð fylgni var á milli þess hve óviðunandi húsnæðisaðstæður voru og hve bráð húsnæðisþörfin var. Því skemur sem fólk getur búið í núverandi húsnæði því líkleggra er það til að greina frá óviðunandi húsnæðisaðstæðum.


4. Hversu lengi getur þú búið í núverandi húsnæði?



- 656 heimili sögðust geta búið 6 mánuði eða skemur í núverandi húsnæði
 - Þar af voru 220 heimili sem annað hvort höfðu ekki húsnæði eða geta ekki lengur búið í húsnæðinu sem þau bjuggu í þegar könnunin var lögð fyrir.

5. Vantar þig annað húsnæði til búsetu?

	fjöldi	%
Já	706	62,5%
Nei	236	20,9%
Veit ekki	187	16,6%
Fjöldi svara	1.129	100,0%
Vil ekki svara	21	1,8%
Heildarfjöldi	1.150	100,0%



- 706 heimili vantaði annað húsnæði til búsetu.
 - Þar af voru:
 - 165 sem vantaði annað húsnæði fyrir 31. janúar 2024
 - 131 sem vantaði annað húsnæði á tímabilinu 1. til 15. febrúar 2024
 - Samtals vantar því 296 heimilum annað húsnæði fyrir 15. feb. 2024?

6. Frá og með hvenær vantar þig húsnæði?

	fjöldi	%
16.-31 janúar	165	23,4%
1.-15 febrúar	131	18,6%
16.-29 febrúar	33	4,7%
1.-15 mars	94	13,4%
16.-31 mars	29	4,1%
1.-15 apríl	83	11,7%
16.-30 apríl	20	2,8%
1.-15 maí	54	7,7%
16.-31 maí	24	3,4%
1.-15 júní	26	3,7%
16.-30 júní	8	1,2%
1. júlí eða síðar	38	5,3%
Fjöldi svara	705	100,0%
Vil ekki svara	1	0,1%
Fengu ekki spurninguna	444	38,6%
Heildarfjöldi	1.150	100,0%

Svarendur slógu inn dagsetningu sem var síðan flokkuð í ofangreinda flokka. Aðeins þeir sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5, fengu þessa spurningu.


7. Hverjar eru megin ástæður þess að þig vantar húsnæði?

	fjöldi	%	
Óhentug stærð núverandi húsnæðis	217	32,5%	32,5%
Húsnæðisleysi	199	29,7%	29,7%
Óhentug staðsetning núverandi húsnæðis vegna vinnu	156	23,3%	23,3%
Óhentug staðsetning núverandi húsnæðis vegna annars	111	16,5%	16,5%
Er í tímabundnu húsnæði	108	16,2%	16,2%
Núverandi húsnæði er of dýrt	83	12,4%	12,4%
Óhentug staðsetning núverandi húsnæðis vegna skólagö..	69	10,3%	10,3%
Búum inn á öðrum	38	5,6%	5,6%
Gæludýr ekki leyfð í núverandi húsnæði	17	2,6%	2,6%
Annað, hvað?	65	9,7%	9,7%
Fjöldi svara	1.062	100,0%	0%
Fjöldi svarenda	669	100,0%	
Vil ekki svara	36	3,2%	
Fengu ekki spurninguna	444	38,6%	
Heildarfjöldi	1.150	100,0%	

Spurningin var fjölvals spurning, þar sem hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur. Aðeins þeir sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5, fengu þessa spurningu.

- Algengast var, eða í 217 skipti, að fólk nefndi óhentuga stærð núverandi húsnæðis meðal ástæðna þess að það vantaði annað húsnæði.
- Húsnæðisleysi var nefnt sem ástæða fyrir vöntun á húsnæði af 199 heimilum.

8. Hversu mörg svefnherbergi þyrfti húsnæðið að hafa?



Aðeins þeir sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5, fengu þessa spurningu.

- Flest heimili, eða 265, þurftu íbúðir með tveimur svefnherbergjum.
- 188 heimili þurftu þrjú svefnherbergi og 145 þurftu eitt svefnherbergi.
- 108 heimili þurftu fjögur svefnherbergi eða fleiri.

9. Hvar vilt þú helst búa á meðan á óvissuástandi standur í Grindavík?

	fjöldi	%
Suðurnes	300	42,7%
Hafnarfjörður	85	12,1%
Reykjavík	77	10,9%
Kópavogur	56	7,9%
Garðabær	47	6,7%
Árborg	13	1,9%
Mosfellsbær	13	1,9%
Ölfus	13	1,8%
Hveragerði	9	1,2%
Akranes	5	0,8%
Seltjarnarnes	4	0,5%
Borgarbyggð	2	0,3%
Annars staðar, hvar?	11	1,6%
Veit ekki	67	9,6%
Fjöldi svara	702	100,0%
Vil ekki svara	4	0,3%
Fengu ekki spurninguna	444	38,6%
Heildarfjöldi	1.150	100,0%

Aðeins þeir sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5, fengu þessa spurningu.

- Flest heimili, eða 300, vildu helst vera staðsett á Suðurnesjum.
- 282 heimili vildu helst vera á höfuðborgarsvæðinu
- 35 heimili vildu helst búa á Suðurlandi
- 7 heimili vildu helst koma sér fyrir á Vesturlandi
- 78 tilgreindu aðra búsetustaði sem sitt fyrsta val eða voru óviss um hvar þau vildu búa

10. Hvaða aðrir staðir koma til greina til búsetu á meðan á óvissuástandi stendur í Grindavík?

		Hafnarfjörður	Kópavogur	Garðabær	Reykjavík	Suðurnes	Mosfellsbær	Seltjarnarnes	Ölfus	Árborg	Hveragerði	Annað	Engir aðrir staðir koma til greina	Veit ekki			
Allir	Allir	(627)	37,6%	27,0%	27,0%	17,1%	14,8%	10,4%	9,3%	5,3%	4,4%	4,3%	4,5%	21,2%	4,9%		
Helst búa á meðan á óvissuástandi stendur í Grindavík?	Akranes	(5)			23,7%	14,3%	10,4%	24,7%				20,9%	41,1%				
	Árborg	(13)	13,7%			18,7%	36,3%			36,9%	4,0%		4,0%	8,5%			
	Garðabær	(46)	44,6%	64,5%		29,6%	22,1%	13,2%	6,6%		6,7%		2,6%				
	Hafnarfjörður	(84)		35,3%	45,6%	21,6%	48,7%	21,5%	5,6%	0,7%	1,5%	8,6%	7,4%	5,9%	5,4%		
	Hveragerði	(9)		21,2%						7,5%	21,2%	28,8%	21,2%	21,2%			
	Kópavogur	(55)	65,7%		73,8%	50,8%	18,2%	21,9%	21,7%	3,4%	3,4%	3,4%	3,4%	2,3%	6,7%		
	Mosfellsbær	(13)	19,5%	59,2%	41,2%	31,0%	10,6%			8,3%	8,3%	9,7%	8,3%		8,6%		
	Reykjavík	(77)	56,9%	66,9%	45,1%		23,4%	25,3%	31,4%	6,6%		2,4%	3,3%	11,4%	1,7%		
	Suðurnes	(294)	41,4%	15,4%	14,8%	12,4%				1,8%	4,1%	5,6%	4,0%	3,8%	3,6%	34,5%	6,3%
	Ölfus	(13)	21,0%	10,8%	25,5%		33,9%					34,7%	10,2%		17,2%		
	Annars staðar	(11)	20,4%	10,2%	10,2%	10,2%	10,2%	10,2%	10,2%				5,8%	68,9%	5,0%		

- 74% tilnefndu fleiri en einn stað sem kæmi til greina til búsetu.
- Algengast var að fólk tilgreindi eftirfarandi staði sem annan valkost:
 - 235 tilgreindu Hafnarfjörð
 - 170 tilgreindu Kópavog
 - 169 tilgreindu Garðabæ
 - 107 tilgreindu Reykjavík
- Vert er að taka fram að stærstur hluti þeirra sem tilgreindu ofangreind sveitarfélög sem annan kost, tilgreindu fleiri en eitt þeirra.

11. Hefur einhver á heimilinu þörf fyrir lyftu til að komast milli hæða vegna heilsufarsástæðna?

	fjöldi	%
Já	144	20,7%
Nei	550	79,3%
Fjöldi svara	694	100,0%
Vil ekki svara	12	1,1%
Fengu ekki spurninguna	444	38,6%
Heildarfjöldi	1.150	100,0%

Aðeins þeir sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5, fengu þessa spurningu.

12. Hefur einhver á heimilinu þörf fyrir húsnæði fyrir fólk með hreyfihömlun?

	fjöldi	%
Já	31	4,5%
Nei	660	95,5%
Fjöldi svara	691	100,0%
Vil ekki svara	14	1,3%
Fengu ekki spurninguna	444	38,6%
Heildarfjöldi	1.150	100,0%

Aðeins þeir sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5, fengu þessa spurningu.

- Af þeim heimilum sem þurftu á öðru húsnæði að halda voru 144 þar sem einhver bjó og þurfti á lyftu að halda til að komast milli hæða vegna heilsufarsástæðna og í 31 tilfalli var þörf fyrir húsnæði fyrir fólk með hreyfihömlun.

14. Hversu mörg eruð þið á heimilinu (að þér meðtöldum/taldri/töldu)?

	fjöldi	%	
1	128	18,1%	18,1%
2	203	28,9%	28,9%
3	134	19,1%	19,1%
4	124	17,7%	17,7%
5	71	10,2%	10,2%
6	36	5,1%	5,1%
7	1	0,1%	0,1%
8	3	0,5%	0,5%
9	2	0,3%	0,3%
Fjöldi svara	703	100,0%	0%
Vil ekki svara	3	0,4%	
Heildarfjöldi	706	100,0%	

Aðeins birt svör þeirra sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5.

13. Hefur þú þörf á húsnæði þar sem gæludýr eru leyfð?

	fjöldi	%
Já	263	37,5%
Nei	439	62,5%
Fjöldi svara	702	100,0%
Vil ekki svara	3	0,3%
Fengu ekki spurninguna	444	38,6%
Heildarfjöldi	1.150	100,0%

Aðeins þau sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5, fengu þessa spurningu..

- Meðal fjölskyldustærð þeirra sem þurfa á öðru húsnæði að halda var 2,9 einstaklingar.
- Af þeim sem þurftu á öðru húsnæði að halda voru 263 heimili sem höfðu þörf á húsnæði þar sem gæludýr eru leyfð.

15.1. Eru börn á leikskólaaldri á heimilinu? Ef já, hversu mörg?

	fjöldi	%
Nei	603	86,7%
1	66	9,4%
2	24	3,4%
3	1	0,2%
4	1	0,2%
7	1	0,1%
Fjöldi svara	696	100,0%
Vil ekki svara	10	1,4%
Heildarfjöldi	706	100,0%

Aðeins birt svör þeirra sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5.


15.2. Eru börn á grunnskólaaldri á heimilinu? Ef já, hversu mörg?

	fjöldi	%
Nei	474	68,0%
1	110	15,8%
2	86	12,3%
3	22	3,1%
4	4	0,6%
7	1	0,1%
8 eða fleiri	1	0,2%
Fjöldi svara	698	100,0%
Vil ekki svara	8	1,2%
Heildarfjöldi	706	100,0%

Aðeins birt svör þeirra sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5.


- Af þeim heimilum sem þurftu á öðru húsnæði að halda voru 93 með börn á leikskólaaldri og 224 með börn á grunnskólaaldri.

16. Hefur þú eða fjölskylda þín farið inn á Leigutorgið, sem er að finna á island.is/grindavik, til að leita að húsnæði?



Aðeins birt svör þeirra sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5.

17. Hefur þú eða fjölskylda þín leigt íbúðarhúsnæði í gegnum Leigutorg?




Aðeins þeir sem sögðust hafa farið á Leigutorgið í spurningu 16, fengu þessa spurningu.

Aðeins birt svör þeirra sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5.

- Alls höfðu 71% heimila sem vantaði annað húsnæði, eða 491 talsins, farið inn á Leigutorgið til að leita af húsnæði.
- 90% heimilanna höfðu aftur á móti ekki leigt í gegnum Leigutorg.

18. Hverjar eru ástæður þess að þið leigðuð ekki húsnæði í gegnum Leigutorg?



Spurningin var fjölvals spurning, þar sem hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Aðeins þeir sem sögðust hafa farið á Leigutorgið í spurningu 16 og sögðust ekki hafa leigt íbúðarhúsnæði gegnum Leigutorg í spurningu 17, fengu þessa spurningu.

Aðeins birt svör þeirra sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5.

- Algengast var, eða í 56% tilfella, að hátt leiguverð væri nefnt sem ástæða þess að húsnæði var ekki leigt í gegnum Leigutorg.

19. Hvaða húsnæðisúrræði af eftirfarandi hefur þú sótt um í kjölfar rýmingar Grindavíkur?

	fjöldi	%	
Sértækan húsnæðisstuðning	211	32,0%	32,0%
Briet	125	19,0%	19,0%
Bjarg	99	15,1%	15,1%
Ekkert af ofantöldu	327	49,8%	49,8%
Fjöldi svara	762	100,0%	0%
Fjöldi svarenda	658	100,0%	
Vil ekki svara	48	6,8%	
Heildarfjöldi	706	100,0%	

Spurningin var fjölvals spurning, þar sem hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur.

Aðeins birt svör þeirra sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5.

- Af þeim heimilum sem vantaði húsnæði höfðu 50% ekki sótt um húsnæðisúrræði (önnur en Leigutorg þ.e.a.s.).
- 32% höfðu sótt um sértækan húsnæðisstuðning, 19% höfðu leitað til Brietar og 15% til Bjargs.

20. Hefur þú nýtt þér sérstakan húsnæðisstuðning stjórnvalda vegna húsaleigu?

	fjöldi	%	
Já	173	87,1%	87,1%
Nei, af hverju ekki?	26	12,9%	12,9%
Fjöldi svara	198	100,0%	0%
Vil ekki svara	13	1,8%	
Fengu ekki spurninguna	495	70,2%	
Heildarfjöldi	706	100,0%	

Aðeins þeir sem sögðust hafa sótt um sérstakan húsnæðisstuðning í spurningu 19, fengu þessa spurningu.

Aðeins birt svör þeirra sem sögðust vanta húsnæði til búsetu í spurningu 5.

- Af þeim sem vantaði húsnæði og höfðu sótt um sérstakan húsnæðisstuðning stjórnvalda voru 87% sem höfðu nýtt sérstuðninginn.

Takk fyrir

